



Umhverfisstefna

Ávallt skal fylgja ÍSÍ í umhverfismálum og er stefna Hamars er að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, jafnt innandyra sem utan, vera til fyrirmyndar í Hveragerði og vill leggja sitt af mörkum til þess að nýta orku og auðlindir á sem sjálfbærasta hátt og kostur er.

Hamar mun leggja sitt af mörkum við að taka mið af umhverfissjónarmiðum í sínu íþróttastarfi og leitast við á hverjum degi að huga að umhverfinu í hinu hefðbundna starfi og iðkendum kennt að bera virðingu fyrir umhverfinu sem þeir iðka í.


Góð umgengni er aðalsmerki Hamars

Markmið

- Hamar leggur mikið upp úr samvinnu við Hveragerðisbæ um að huga vel að umhverfissjónarmiðum í rekstri, viðhaldi og byggingu mannvirkja þar sem lögð er áhersla á lækkun kostnaðar á rafmagni og hita.
- Nota umhverfisvottaðar vörur.
- Flokkar allan úrgang.
- Lágmarka nýtingu á pappír.
- Endurvinnsla
- Bera virðingu og fara vel með allan búnað Hamars.
- Ganga alltaf vel frá eftir æfingar.
- Aldrei skilja eftir sig rusl.
- Iðkendur eru hvattir til að ganga eða hjóla á æfingar.
- Leitast er við að sameina í bíla eða rútur á æfingar í öðrum sveitarfélögum eða á keppnisstað.

Umgengnisreglur í íþróttahúsi (Á líka við um önnur íþróttahús)

- Ávallt skal ganga þrífalega um og bera virðingu fyrir eignum hússins og annarra. Raða skal skóm í hillu, ganga snyrtilega frá fatnaði inn í búningsklefum, nota viðeigandi fatnað við æfingar, henda rusli í merktar ruslafötur og verum ekki með háreysti, átök eða óþarfa hrindingar.
- Enginn iðkandi á að fara inn í íþróttasal fyrr en kennari/þjálfari er mættur í salinn.

- 
- Ekki vera með tyggjó né neita áfengis, tóbaks, vímuefna eða ólöglegra lyfja í íþróttahúsinu.
 - Ekki er heimilt að vera með síma í kleanum.
 - Ekki neita matvæla, sælgætis eða drykkja, annars en vatns í íþróttasalnum.
 - Ekki er tekin ábyrgð á munum sem eru í búningsklefum eða anddyri.
 - Þjálfari, í samstarfi við starfsmenn, er ábyrgur fyrir því að iðkendur gangi snyrtilega um íþróttasal, búnings eða baðklefa.
 - Kennari/þjálfari er ábyrgur fyrir því að gengið sé vel og snyrtilega frá áhöldum á sama stað og þau voru tekin.
 - Íþróttaiðkendur skulu vera farnir úr húsi 15 mín eftir að æfingu lýkur. Þjálfarar bera ábyrgð á að iðkendur sinni því.
 - Sá sem brýtur þessa reglur og veldur skemmdum, meðvitaður um að hann sé ábyrgur verður látinn bera allt fjárhagslegt tjón.
 - Mikilvægt er að starfsfólki hússins sé sýnd kurteisi og orðið við tilmælum þess og fyrirmælum.